



Sæl verið þið öll, þátttakendur í Skjálftanum 2021, leiðbeinendur, skólastjórnendur, kennarar, foreldrar og aðrir sem fá þetta upplýsingabréf.

Nú þegar aðeins rétt rúmlega 10 dagar eru í fyrsta Skjálftann þá langar mig að koma áleiðis til ykkar talsvert af upplýsingum og ég bið ykkur að lesa þetta vel yfir. Til að byrja með langar mig að þakka ykkur krakkar fyrir ótrúlega þrautseigju og áhuga á að láta Skjálftann verða að veruleika þrátt fyrir stórfurðulega og oft erfiða tíma, án ykkar væri þetta alls ekki að gerast! En nú er Skjálftinn handan við hornið og ég get hreinlega ekki beðið eftir að hitta ykkur öll og SJÁ ATRIÐIN YKKAR sem þið hafið búið til frá grunni og lagt mikla vinnu í.

Plan C

Eins og þið vitið flest þá erum við komin í plan C sem er svona: Hvert lið kemur til Þorlákshafnar til þess að taka upp atriðið sitt sem verður svo sýnt daginn eftir á ungruv.is í heildstæðum viðburði. Hvert lið fær 60 mínútur, fyrstu 40 mín fara í tæknirennslu, 6 mínútur í upptöku og svo upptaka á stuttri kynningu frá liðunum. ATH að hvert lið fær aðeins eitt tækifæri á upptöku, rétt eins og um viðburð með sal fullan af fólki væri að ræða. Svo verður hópurinn farinn áður en næsti kemur inn. Með þessum hætti þá hittist þið ekki, sem er vissulega leiðinlegt, en eina leiðin til að láta þetta gerast.

[Hér er tímaplan dagsins.](#)

Vegna þess að nú er viðburðurinn eingöngu hugsaður fyrir upptöku Rúv, engir áhorfendur í sal, þá breyttust teikningarnar lítillega. [Hér eru ný tækniskjöl.](#)

Viðburðurinn á ungruv.is

Öll atriðin verða sett saman svo úr verði heildstæður viðburður, kynnir er Helga María Höskuldsdóttir og viðburðurinn endar á tónlistaratriði þar sem sá tónlistarmaður sem þið völduð kemur fram. RÚV stefnir á að viðburðurinn verði kominn inn á ungruv.is kl. 18 sunnudaginn 16. maí

Úrslitin

Dórnafnd fær upptökurnar frá RÚV og gefa hverju atriði stig sem byggja á dómarablaðinu sem er í skjölunum sem þið voruð búin að fá. Dómarnir senda sínar niðurstöður beint á Sólku Sól, formann dórnafndar, sem fer svo með verðlaunagripinn til sigurliðsins kl. 20 á sunnudagskvöld. Sú úrslitastund **verður live á instagram síður Skjálftans!** [Followið til að missa ekki af því](#) og látið þetta endilega berast til skólafélaga. Hún segir líka frá því hver var í öðru og þriðja sæti.

Sóttvarnir

Hvert lið **mætir tilbúið til leiks** þegar þið komið í Þorlákshöfn. Það er að segja, þið þurfið að vera **búin að farða ykkur, greiða og klæða í búninga.** Það er nauðsynlegt til að minnka viðveru



og þar með aukna hættu á covid smitum, EF einhver reynist vera smitaður. Þið þurfið auðvitað líka að passa að vera með hreinar grímur, spritta í gríð og erg og ekki koma ef þið eruð með einhver einkenni. Það verður nóg af spritti og sameiginlegir snertifletir hreinsaðir á milli hópanna. **Ég bið líka umsjónamenn hvers hóps að taka niður nafn og kennitölu allra þátttakenda og þeirra sem fylgja ykkur til Þorlákshafnar og skila til mín.**

Skjálftapartý

Í haust, þegar skólarnir eru að fara af stað aftur og við vonandi laus við covid langar mig að hafa Skjálftapartý fyrir alla þátttakendur í Skjálftanum 2021. Ég væri gjarnan til í að fá sjálfboðaliða úr öllum hópum sem langar að vera með í að skipuleggja eitthvað sjúklega skemmtilegt! Þið sem viljið bjóða ykkur fram, sendið mér endilega dm á instagrammi Skjálftans.

Peppum´etta!

Hjálpumst að við að búa til stemningu fyrir Skjálftanum í skólunum ykkar! Peppum alla nemendur, kennara, foreldra, ömmur og afa til að horfa á viðburðinn á ungruv.is. Það væri tilvalið að hittast í litlum hópum til að horfa saman eða eins og fjöldatakmarkanir leyfa þann 16. maí. RÚV stefnir á að viðburðurinn verði kominn inn á ungruv.is kl. 18 sunnudaginn 16. maí og ég minni svo aftur á að úrslitin verða tilkynnt [live á instagram](#) kl. 20 þegar Salka Sól afhendir farandverðlaunagripinn.

Plaköt eru væntanleg í skólana sem ég bið fulltrúa úr hverju liði að sjá um að hengja upp sem víðast.

Hafið samband

Að lokum langar mig að minna ykkur á miðla Skjálftans. Hann á glænýja [heimasíðu](#), [facebook](#) og [instagram](#). Þið getið sent mér spurningar ef þið hafið einhverjar í gegnum þá miðla eða á sudurlands.skjalftinn@gmail.com.

Kærar kveðjur

Ása Berglind Hjálmarsdóttir

Framkvæmdastjóri Skjálftans